

Aðal- og lokafundur Betadeildar föstudaginn 5. júní 2009

Fundarstaður: Heimili Önnu Þóru Baldursdóttur að Eikarlundi 10

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Orð til umhugsunar.
4. Aðalfundarstörf.
Skýrsla stjórnar.
Frá gjaldkera.
5. Önnur mál.
6. Kaffi, happdrætti og spjall.

Eygló setti fund.

Þorgerður las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

Guðrún var með orð til umhugsunar. Með spjalli sínu vakti hún okkur til umhugsunar um hvaða merkingu við legðum í hugtökin heim og heima. Er það þar sem erum fæddar eða hvað? Guðrún sagði frá ferðalagi hennar með manni sínum á bernskuslóðir þeirra, ferð sem þau fara oft og eiga alltaf sömu orðræðuna. Góður rómur var gerður að þessum vangaveltum og könnuðust greinilega margar við svipaðar upptakur.

Eygló las skýrslu stjórnar frá vetrinum og þar rifjaðist margt skemmtilegt upp sem gert hefur verið í vetur.

Jóhanna gjaldkeri sagði frá því að hún myndi birta skýrslu gjaldkera á fyrsta fundi haustsins. Henni finnst eðlilegra að gera það þá þar sem þá verður allt komið. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta.

Eygló sagði frá því að stjórnin hefði ákveðið að styrkja þær konur sem fóru á landsambandsþingið á Egilsstöðum um 4000 kr. hverja eins og síðast. Spurt var hvaðan þessir peningar kæmu og svaraði Jóhanna því til að þetta kæmi t.d.úr kaffi- og happdrættissjóðnum. Helga Thorlacíus sagði að það skipti máli að deildin gæti styrkt konur til svona ferða. Beta deildin væri yfirleitt með þeim fjölmennustu á þingum. Þetta var samþykkt.

Gerð var grein fyrir því sem safnast í pyngjuna góðu. Hingað til hefur það runnið til stúlkna í Afríku. Spurning frá stjórninni hvort við ættum að halda því áfram eða líta okkur nær núna þegar aðstæður í þjóðfélaginu hefðu breyst. Aðspurð sagði Jóhanna að hingað til hefði mest verið sendar 50.000 kr. Niðurstaðan varð sú að þessir peningar nýttust best þarna og því ákveðið að halda því áfram. Í framhaldi af þessu hvatti Jónína konur til að gerast heimsforeldrar, þær sem ekki væru það nú þegar.

Eygló sagði frá hækkun á árgjaldi til alþjóðasamtakanna en jafnframt að Beta-deildin ætlaði ekki að hækka sitt árgjaldið, það verður áfram 10.000 kr.

Anna Þóra sagði frá landssambandsþinginu sem haldið var á Egilsstöðum 16.-17. maí sl. Þingið sóttu 55 konur víðs vegar af landinu, en frá Beta deild voru þarna 13 konur sem var góð mæting frá einni deild. Mikil ánægja var með þingið í alla staði og stóðu Zeta-konur sem héldu þingið sig mjög vel. Eygló sagði frá því að á þinginu hefði t.d.

verið ákveðið að gefa handbókina út aðeins á netinu til reynslu og setja félagatalið inn á netið og að allir hefðu þá sama lykilorðið og gætu þá allir skoðað allt hjá öllum. Ný stjórn var kosin á þinginu og lét Anna Þóra þar með af störfum sem landssambandsforseti. Nokkrar konur úr Beta-deild eru í nefndum hjá samtökunum. Þar má t.d. nefna Ingibjörgu Auðuns sem er ritari landssambandsstjórnar, Guðrún, Jónína og Þórunn eru fulltrúar í fjárhagsnefnd næsta tímabil.

Eygló sagði frá hugmynd stjórnar Beta-deildar um að hefja næsta starfsár á ferð austur að Laugum í Reykjadal. Góður rómur var gerður af því.

Margrét Jónsdóttir sagði frá tilvonandi heimsókn þýska landssambandsforsetans fyrrverandi.

Næst á dagskrá var að afhenda afmælisgjafir til þeirra kvenna sem hafa átt stórafmæli undanfarið. Það voru Margrét Eggertsdóttir sem varð sjötug í fyrra, Jóhanna Þorsteinsdóttir sem varð sextug í fyrra, Ingibjörg Auðunsdóttir sem varð einnig sextug og Erna Gunnarsdóttir sem varð fimmtug. Eitt af krílunum okkar varð 40 ára og fékk hún rós og bókamerki samtakanna en hinar eldri fengu töskur merkta samtökunum.

Eygló sleit síðan fundi og þá settust Beta-systur til borðs og gæddu sér á dýrindis kræsingum sem þær sjálfar höfðu lagt í púkkið. Borðað og spjallað fram til miðnættis og leið tíminn ótrúlega fljótt eins og venjulega í góðum félagsskap.

Pyngjan góða var látin ganga eins og venjulega. Happraðttisvinninginn að þessu sinni fékk Helga Thorlacíus öllum að óvörum, ekki að spyrja að heppninni hjá þeirri konu en hún fékk líka happraðttisvinninginn þar síðast.

Þorgerður